Móðurmál - samtök um tvítyngi

Gerðubergi 3-5

111 Reykjavík

Kt. 421101-2990

Heimili og skóli - landssamtök foreldra

Bæjarlind 2

201 Kópavogi

Kt. 4210922229

**Reykjavík, 17. desember, 2025**

**Til:**
Mennta- og barnamálaráðuneytisins
Heilbrigðisráðuneytisins
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins

**Efni:**

**Beiðni um heildstæða, óháða úttekt á samfélagstúlkun og mótun samræmdrar stefnu**

Virðuleg ráðuneyti,

Móðurmál - samtök um tvítyngi og Heimili og skóli - landssamtök foreldra eru málsvarar foreldra af erlendum uppruna sem eru bæði þiggjendur og veitendur samfélagstúlkaþjónustu. Í samstarfi við undirritaða aðila óskum við öll eftir því að ráðuneytin hefji vinnu við óháða úttekt á samfélagstúlkun á Íslandi, þvert á heilbrigðis-, mennta-, félags- og vinnumarkaðskerfi, og móti á þeim grundvelli samræmda stefnu, gæðakerfi og innkaupaviðmið.

**Hvers vegna þarf úttekt – meginrök**

**1. Vaxandi þörf þvert á kerfi**
Lýðfræði og gögn skóla og heilbrigðisþjónustu sýna stöðuga fjölgun notenda sem reiða sig á túlkaþjónustu. Án skýrra ferla og hæfnisviðmiða verða til kerfislægir múrar: ójafnt aðgengi, seinkun í þjónustu og endurtekin samskipti sem hefði mátt koma í veg fyrir.

**2. Réttur til túlks en brotakennd framkvæmd**
Þótt rétturinn sé fyrir hendi á pappír eru pöntunarferli, gæðakröfur, aðgengi og samræmi milli stofnana óljós. Þetta bitnar sérstaklega á börnum, sjúklingum, foreldrum, fólki með táknmál og innflytjendum í viðkvæmri stöðu.

**3. Gæði og öryggi**
Alþjóðlegar rannsóknir sýna skýrt að faglærðir túlkar draga úr mistökum, bæta upplýsingaflæði, auka traust og minnka endurkomur og endurinnlagnir. Ísland hefur ekkert samræmt kerfi sem tryggir fagmennsku eða vottun samfélagstúlkunar.

**4. Ósamræmd innkaup, óljósar kröfur**
Bæjarfélög, stofnanir og ráðuneyti kaupa túlkaþjónustu með ólíkum kröfum, ólíkum gjaldskrám og án sameiginlegra hæfniviðmiða. Þetta leiðir til ójafnra gæðastig, óskilvirkni og aukins kostnaðar.

**5. Alþjóðleg fyrirmynd er til**
Noregur, Svíþjóð, Bretland, Belgía, Holland og fleiri lönd hafa þegar sett lagaramma, gæðakerfi og landskrár yfir hæfa túlka. Ísland er langt frá því að uppfylla sambærileg viðmið.

**Hvað úttektin þarf að ná yfir**

- Kortlagningu þarfa, framboðs og aðgengis eftir málum, landshlutum og kerfum.
- Gæðaviðmið og hæfniskröfur: menntun, vottun, trúnaður og siðareglur.
- Samræmda innkaupaumgjörð fyrir ríki og sveitarfélög, með sameiginlegum lágmarkskröfum.
- Tillögur að landskerfi (skrá/vottun) líkt og í Noregi/Svíþjóð.
- Sérstaka greiningu á táknmálstúlkun með áherslu á bráðatilvik og stafrænt aðgengi.
- Mælikvarða fyrir árangur, gæði og gagnsæi.
- Áfangafjármögnun og starfsþróun (HÍ/SHH og raunfærni).

**3. Tillögur fyrir næstu skref**

- Fela óháðum aðila að vinna úttektina á 6–9 mánuðum samkvæmt fylgiskjali A.
- Setja bráðabirgðaviðmið á meðan úttekt stendur: lágmarksmenntun, trúnaður, bann við notkun barna sem túlka og samræmd pöntunarferli.
- Hefja vinnu við lagaramma og landskerfi túlka að norskri fyrirmynd.

**4. Niðurstaða**

Samfélagstúlkun er ekki aukaatriði; hún er undirstaða réttaröryggis, heilbrigðis, skólagöngu barna og virkni á vinnumarkaði. Með því að ráðast í úttekt og móta samræmda stefnu er hægt að tryggja gæði, öryggi og hagkvæmni fyrir samfélagið allt.

Sjá einnig frekari umfjöllun um efnið hér:

Tími til kerfis-bundinna breytinga í sam-félagstúlkun – á-kall til stjórn-valda - Vísir

Túlkun er ekkert að fara – en hvað ætlum við að gera með hana? - Vísir

„Bara villta vestrið“: 360 milljóna arðgreiðslur hjá einu fyrirtæki - RÚV.is

Við erum tilbúin að leggja fram frekara efni og taka þátt í samráði.

Virðingarfyllst,

Dr. Renata Emilsson Peskova, formaður Móðurmáls - samtök um tvítyngi, modurmal@modurmal.com

Sigurður Sigurðsson, formaður Heimili og skóli, heimiliogskoli@heimiliogskoli.is

Guðrún C. Emilsdóttir, formaður Bandalags þýðenda og túlka, garunc@mi.is

Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, olofgard@hi.is

Gauti Kristmannsson, forseti Íslensku- og menningardeildar, HVS HÍ, gautikri@hi.is

Birna Ragnheiðardóttir Imsland, formaður Félags samfélagstúlka, bi@hi.is

Marion Poilvez, fyrir Samtök kvenna af erlendum uppruna, info@womeniniceland.is

Magnús Þór Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, magnus@ki.is